

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 448/2014****2015/EES/8/51****frá 2. maí 2014****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 með því að uppfæra tilvísanir í
viðaukana við Chicago-samninginn (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu (þjónustureglugerðin) ⁽¹⁾ einkum 4., 6. og 7. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ⁽²⁾, einkum 6. mgr. 8. gr. b,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1035/2011 ⁽³⁾ er komið á fót framkvæmdarreglum um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu. Með þessum framkvæmdarreglum er framfylgt kröfum og skuldbindingum, sem kveðið er á um í Chicago-samningnum um alþjóðlegt almenningflug, sem undirritaður var í Chicago 7. desember 1944 (Chicago-samningurinn), í samræmi við markmið, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 ⁽⁴⁾, og d-liðar 2. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 ⁽⁵⁾.
- 2) Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) hefur nýlega breytt 3., 4., 10., 11., 14. og 15. viðauka við Chicago-samninginn. Breytingarnar á 3., 4., 10., og 11. viðauka, breytingin 11-A í 14. og 15. viðauka öðluðust gildi 14. nóvember 2013 en breytingin 11-B í 14. viðauka mun öðlast gildi 14. nóvember 2014.
- 3) Eins og sett er fram í 14. forsendu framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 1035/2011, ætti að starfrækja flugleiðsöguþjónustu í samræmi við viðeigandi staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, þar til viðeigandi staðlar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar hafa að fullu verið leiddir í lög Sambandsins. Þetta gildir einnig um kröfurnar sem endurskoðaðar voru í tengslum við nýlegar breytingar á viðaukunum við Chicago-samninginn. Því ber að uppfæra tilvísanir í samninginn, sem eru í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011, til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými sem komið var á fót skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum viðaukana við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 132, 3.5.2014, bls. 53. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 292/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1035/2011 frá 17. október 2011 um sameiginlegar kröfur vegna veitingar flugleiðsöguþjónustu og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 482/2008 og (ESB) nr. 691/2010 (Stjtið. ESB L 271, 18.10.2011, bls. 23).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) (Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1).

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB (Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

1. Í stað annarrar málsgreinar liðar 2.2.1 í I. viðauka komi eftirfarandi:

„Upplýsingarnar í a- og b-lið skulu vera í samræmi við frammistöðuáætlun landsbundins eða starfræns loftrýmisumdæmis, sem um getur í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, og, að því er varðar gögn um öryggi, í samræmi við öryggisáætlun viðkomandi ríkis (e. *State Safety Programme*) sem um getur í kröfu 3.1.1 í 19. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningflug, eftir því sem við á.“

2. Í stað undirliða b og c í 4. lið II. viðauka komi eftirfarandi:

„b) 10. viðauka um flugfjarskipti, II. bindi um verklagsreglur um fjarskipti, þ.m.t. gildandi verklagsreglur um flugleiðsöguþjónustu (PANS Status), 6. útgáfu, október 2001, ásamt öllum breytingum til og með nr. 88-A,

c) 11. viðauka um flugumferðarþjónustu, 13. útgáfu, júlí 2001, ásamt öllum breytingum til og með nr. 49 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 (*), eftir því sem við á.“

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtið. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).

3. Í stað undirliða a, b og c í 2. lið III. viðauka komi eftirfarandi:

„a) með fyrirvara um framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012, 3. viðauka um veðurþjónustu fyrir alþjóðaflug, 18. útgáfu, júlí 2013, ásamt öllum breytingum til og með nr. 76,

b) 11. viðauka um flugumferðarþjónustu, 13. útgáfu, júlí 2001, ásamt öllum breytingum til og með nr. 49 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012, eftir því sem við á,

c) með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 139/2014 (**), 14. viðauka um flugvelli í eftirfarandi útgáfum:

i. I. bindi um hönnun og starfsemi flugvalla, 6. útgáfu, júlí 2013, ásamt öllum breytingum til og með nr. 11-A og frá og með 13. nóvember 2014, ásamt breytingu 11-B,

ii. II. bindi um þyrlopalla, 4. útgáfu, júlí 2013, ásamt öllum breytingum til og með nr. 5.“

(**) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014 frá 12. febrúar 2014 um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið ESB L 44, 14.2.2014, bls. 1).

4. Í stað undirliða b í 2. lið IV. viðauka komi eftirfarandi:

„b) eftirfarandi viðaukum við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningflug, að svo miklu leyti sem þær varða veitingu upplýsingaþjónustu flugmála í viðkomandi loftrými:

i. 3. viðauka um veðurþjónustu fyrir alþjóðaflug, 18. útgáfu, júlí 2013, ásamt öllum breytingum til og með nr. 76,

ii. 4. viðauka um flugkort, 11. útgáfu, júlí 2009, ásamt öllum breytingum til og með nr. 57,

iii. með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 73/2010, 15. viðauka um upplýsingaþjónustu flugmála, 14. útgáfu, júlí 2013, ásamt öllum breytingum til og með nr. 37.“

5. Í stað undirliða a–e í 3. lið V. viðauka komi eftirfarandi:

„a) I. bindi um leiðsöguvirki, 6. útgáfu, júlí 2006, ásamt öllum breytingum til og með nr. 88-A,

b) II. bindi um verklagsreglur fyrir fjarskipti, þ.m.t. gildandi verklagsreglur um flugleiðsöguþjónustu, 6. útgáfu, október 2001 ásamt öllum breytingum til og með nr. 88-A,

-
- c) III. bindi um fjarskiptakerfi, 2. útgáfu, júlí 2007, ásamt öllum breytingum til og með nr. 88-A,
 - d) IV. bindi um kögunarratsjárkerfi og árekstravarakerfi, 4. útgáfu, júlí 2007, ásamt öllum breytingum til og með nr. 88-A,
 - e) V. bindi um notkun tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar fyrir flug, 3. útgáfu, júlí 2013, ásamt öllum breytingum til og með nr. 88-A.“
-